

Námskrá námskeiða varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn á vinnustöðum

Námskráin tekur mið af lögum nr. 46/1980 (vinnuverndarlög) um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum sem settar eru í samræmi við þau. Markmið laganna er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í samfélaginu. Lögunum er ætlað að tryggja að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál. Það sé gert í samræmi við gildandi lög og reglur, ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og fyrir mæla og ráðlegginga Vinnueftirlitsins. Annar kafli laganna fjallar um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja og samskipti atvinnurekenda og starfsmanna. Þar kemur m.a. fram að atvinnurekandi skuli sjá um að þeir, sem eru kjörnir eða skipaðir til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Sá sem hefur hug á að halda námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði þarf ekki að fá viðurkenningu Vinnueftirlitsins. Hins vegar er æskilegt að sá sem hyggst bjóða upp á námskeið í vinnuvernd taki mið af námskrá þeirri sem hér fylgir með. Jafnframt er mikilvægt að þeir sem kenna á námskeiðinu hafi góða þekkingu á því sviði sem þeir fjalla um á námskeiðinu ásamt þekkingu á vinnuverndarlögunum (46/1980) og reglugerðum sem settar eru samræmi við þau.

Í reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum segir í 24. gr. um fræðslu og þjálfun öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna. “Atvinnurekandi skal sjá um að öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn fái viðeigandi fræðslu og þjálfun með því að sækja námskeið varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem gera þessum aðilum kleift að afla sér grunnþekkingar á málum er snerta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á viðkomandi vinnustað.”

Skráning öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða

Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum er atvinnurekenda skylt að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um þá aðila sem tilnefndir eru sem öryggisverðir og kosnir eru sem

öryggistrúnaðarmenn. Þeir sem undirbúa kosningu öryggistrúnaðarmanna er sömuleiðis skylt að tilkynna viðkomandi stéttarfélögum um stöðu aðila. Að lokum skal bent á að atvinnurekanda er skylt að tilkynna kosningu og skipan öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða til Vinnueftirlitsins. Haldið er utan um slíkar skráningar hjá Vinnueftirlitinu.

Námskrá námskeiðs fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði

Aðalmarkmið

Námskeiðið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði skal að lágmarki vera 12 tímar. **Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir** skulu í lok námskeiðs hafa öðlast grunnþekkingu á þáttum er snerta vinnuvernd (aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum) og kunni skil á vinnuverndarlögunum og reglugerðum sem settar hafa verið í samræmi við þau. Þeir skulu ennfremur hafa öðlast færni til að sinna vinnuvernd á vinnustaðnum sínum, geta greint og metið helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi sem hafa áhrif á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks og bent á leiðir til úrbóta eða forvarna.

Undirmarkmið

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir:

- þekki vinnuverndarlögin og helstu reglugerðir sem settar eru í samræmi við þau
- þekki hlutverk og starfsemi Vinnueftirlitsins. Ennfremur skulu þeir þekkja hlutverk og þjónustu eftirlitsmanna og annarra starfsmanna Vinnueftirlitsins
- þekki hlutverk, réttindi og skyldur öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða
- öðlist færni til að sinna starfi öryggistrúnaðarmann og öryggisvarða
- þekki tengsl heilsu og aðstæðna á vinnustað
- hafi öðlast þekkingu í gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað og geri sér grein fyrir sérstöðu hvers fyrirtækis við gerð áhættumats
- þekki helstu áhættuþætti líkamlegs álags og áhrif þeirra á hreyfi- og stoðkerfi, átti sig m.a. á gildi réttar líkamsbeitingar og hvernig hagræða má í vinnuumhverfinu eða nýta léttitæki til að auðvelda vinnu og minnka þannig líkamlegt álag
- þekki helstu áhættuþætti í vinnuumhverfi, sem eru líklegir til að valda félagslegu og andlegu álagi (vinnuskipulag, streitu, einelti, kynferðislega áreitni, kulnun o.fl.), þekki birtingarmyndir þeirra og viti hvernig bregðast skuli við
- viti hvaða áhrif birta og lýsing hefur á líðan og heilsu starfsfólks. Þeir skulu ennfremur þekkja hvernig hægt er að meta slíka álagslagsþætti í vinnuumhverfinu

- þekki þá þætti sem hafa áhrif á inniloft og hvaða áhrif inniloft getur haft á líðan og heilsu starfsfólks. Þeir skulu ennfremur þekkja hvernig hægt er að meta slíka álagslagsþætti í vinnuumhverfinu
- viti hver viðmiðunarmörk hávaða eru og þekki hávaðavarnir, geri sér grein fyrir eðli hávaða, gildi heyrnarmælinga og áhrifum hávaða á heilsu og líðan starfsfólks.
- þekki helstu áhættuþætti tengda efnum og efnanotkun, merkingarkerfi efna og viðeigandi persónuhlífar. Ennfremur skulu þeir þekkja ákvæði sem gilda um öryggisleiðbeiningar efna
- þekki áhættuþætti og forvarnir vinnuslysa t.d. fallvarnir og persónuhlífar
- hafi vitneskju um tilkynningaskyldu vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma eða atvinnutengdra sjúkdóma. Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að skrá óhöpp og slys í forvarnaskyni og þjálfist í að fylla út slysa tilkynningablað
- þekki helstu áhættuþætti varðandi notkun véla og tækja
- þekki áhættu í vinnuumhverfi ákveðinna starfshópa t.d. ungra starfsmanna, starfsmenn með skerta starfsgetu, þungaðar konur eða konur með barn á brjósti.